

Hafnarfirði 14. janúar 2017

Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2
221 Hafnarfirði

Málefni: Greinargerð. Kirkjuvegur 8b, land. Nr. 207-6910, skipulagsbreytingar.

Í framhaldi af fyrirspurn sem gerð var 20. Desember 2016 vegna óska um breytinga á húsnæði og lóðar á Kirkjuvegi 8b, eru hér með sendar tillögur að breytingum á húsnæðinu sem unnar hafa verið í samvinnu við starfsmenn Skipulags- og byggingaráðs Hafnarfjarðar ásamt Al-Ark arkitektum.

Húsið var byggt á árunum 1949 til 1951 og átti húsið að vera helmingi stærra, en það var byggt, síðari helmingur hússins (út að Hellisgötu) var aldrei byggður. Vegna þessa er Norðaustur gaflinn glugga- og hurðalaus veggur, sem nær alveg upp í efstu mænishæð.

Í megin dráttur ganga tillögur út á að halda formi og sérkennum hússins lítið breyttu frá upprunalegri hönnun, en losna við beran norðaustur gaflinn.

Það er gert með því að byggja fjögurra metra viðbyggingu við gaflinn og brjóta niður lóðrétta spíssinn, búa viðbygginguna gluggum í sama útliti og núverandi gluggar hússins eru ásamt að halla þakinu inn til samræmis við annan þakhalla á húsinu.

Þakkanturinn í kring um húsið er ónýtur. Gerð er tillaga um að steypa nýjan þakkant 35 cm ofar til að lofta aðeins frá gluggum suðvestur og suðaustur hliða hússins. Samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum sést að þetta fer húsinu vel.

Hækka þarf þakið að öðru leyti um 15 cm til að koma fyrir loftun undir þakið, en engin loftun er undir það í dag.

Tillaga er um innfelldar svalir á suðvestur hlið rishæðarinnar. Svalirnar þjóna tvennum tilgangi, annars vegar til útivistar og útsýnis og hins vegar sem flóttaleið.

Þakgluggar eru í samræmi við núverandi þakglugga.

Skorsteinn hússins nær 94 cm upp fyrir mæni hússins. Hann verði brotinn af, enda illa farinn og lekur inn í húsið.

Gluggar hússins eru í frönskum stíl. Flestir, ef ekki allir, gluggar í húsinu eru ónýtir. Tillagan gerir ráð fyrir að allir gluggar verði endurnýjaðir, sem næst í sama útliti og núverandi gluggar, en skoðað verður hvort síkka megi einhverja glugga til samræmis við aðra glugga í húsinu.

Yfirbragði hússins verður verður haldið eins og kostur er.

Tillaga er um að gera tvær íbúðir í húsinu, um 100 fermetra íbúð á neðri hæð, með núverandi inngang á Norðvesturhlið hússins.

Um 100 fermetra íbúð verði á efri hæð, með aðgangi að um 50 fermetra rými í risi.

Inngangur verði um svalir á austurhorni hússins, um utanálíggjandi tröppur frá núverandi innkeyrslu að húsinu frá Hellisgötu.

Steypt verði upp ca 6 – 7 fermetra sameiginlegt rými, undir svölum hússins, með aðgengi utanfrá, meðal annars fyrir inntök veitustofnana.

Á annari hæð suðvestur hlið hússins (út að Kirkjuvegi) verður komið fyrir svölum ásamt svalahurð og á neðri hæð svalahurð með aðkomu út í garð. Þessir útgangar þjóna sama tilgangi og þaksvalirnar, eða sem flóttaleið.

Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum norðaustan megin við húsið.

Með þessari greinagerð fylgja teikningar af húsinu eins og hönnuðir sjá það fyrir sér.

Teikningarnar eru af öllum hliðum hússins ásamt þakfleti. Einnig eru teikningar af innra skipulagi hússins eins og það er ásamt stækkun en hönnun hefur ekki verið framkvæmd í því rými. Deiliteikning af hækkun á þakkanti og á þaki til frekari glöggvunar en þar kemur fram hugmynd að loftun þaksins.

Einnig er teikning sem sýnir húsið á lóðinni, rauðu línurnar eru útbrún hússins en ystu bláu línurnar er þakkanturinn. Á þessari teikningu sést að norður horn hússins nær alveg að lóðarmörkum Kirkjuvegar 10., Siggubæ. Svæðið beggja megin við lóðarmörkin er ekki til prýði, hvorki fyrir eigendur að Kirkjuvegi 8b né Siggubæ.

Það er tillaga okkar eigenda að Kirkjuvegi 8b að hlutaðeigendur mundu gera með sér samkomulag um að stéttinn sem er meðfram norðvestur hlið hússins verði framlengd út að hellulagða fletinum í Siggulóð. Einnig þarf að setja kanntstein við helluflötinn út að malbikinu í austur. Það væri einnig huggulegt að setja tröppur eða skáflöt í vestur upp að Siggubæ en þar vill grasið troðast niður þegar umferð er þar sem mest.

Ljósmyndir fylgja með gögnunum sem sýna aðstæður í Siggugarði, legu stéttar með noðrvesturhlið Kirkjuvegar 8 b og að hluta til húsið sjálft.

Á einni myndinni (DSC_0294) er falleg Bjök sem er þess virði að varðveita.

Virðingarfyllst.

Enok Sveinbjörnsson
Þrastarás 21, 221 Hafnarfirði
Sími: 825-8214
Netfang: enok@marel.com

Valur Sveinbjörnsson
Brekkuhlíð 14, 221 Hafnarfirði
Sími: 825-5274
Netfang: vals.dora@gmail.com

Fylgigögn eru 12 ljósmyndir og átta teikningar af Kirkjuvegi 8 b.